




Gagnagrunnur viðbragðsaðila



BJARGIR



Inngangur

Vorið 2007 var hafin undirbúningur á skráningu bjarga (björgunarbúnaði) í miðlægan gagnagrunn sem vistaður er hjá Neyðarlínunni. Þessi gagnagrunnur er sá sami og verið er að nota í dag til að halda utan um viðbragðsaðila og boðanir þeirra. Breytingin er sú að nú er einnig hægt að skrá búnað og tæki inn í grunninn og opna hann fyrir viðbragðsaðilum.

Gagnagrunnurinn mun verða netlægur og viðbragðsaðilar hafa aðgang að honum í gegnum internetið.

Vefslóðin er bjargir.112.is Athugið að ekki má slá inn www. eða <http://fyrir framan slóðina>.

Gerð gagnagrunnsins er unnin í sameiningu af Neyðarlínunni, Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og almannavarnadeild ríkislöggreglustjóra.

Tilgangurinn með gagnagrunninum er að ná saman á einn aðgengilegan stað skráningu á björgunarbúnaði í landinu, þannig að hægt er að leita á einfaldan hátt að þeim búnaði sem næstur er og komið getur að notum þegar vá ber að.

Þeir aðilar sem standa að skipulagningu og stjórnun björgunaraðgerða s.s. neyðarverðir neyðarlínunnar, fjarskiptamiðstöð lögreglunnar, Flugstoðir, lögreglustjórar, slökkviliðsstjórar, vaktstöð siglinga, svæðisstjórnir björgunarsveitanna, almannavarnarnefndir, almannavarnardeild ríkislöggreglustjóra og Samhæfingarstöðin munu síðan geta nýtt sér grunninn við leit og öflun bjarga þegar vá ber að höndum og stytt þannig þann tíma sem fer í að útvega búnað og þar af leiðandi stytt þann tíma þar til bjargir berast.

Einnig gefur grunnurinn kost á því að hægt er að skoða dreifni björgunarbúnaðar um landið og þar með hvort einhversstaðar séu “göt” í landinu þar sem vantar mikilvægan búnað.

Til að gagnagrunnurinn nýtist sem best er mikilvægt að viðhofð séu vönduð vinnubrögð við innskráningu í hann og að allar upplýsingar komi fram sem beðið er um.

Hér á næstu síðum má finna nánari upplýsingar um gagnagrunninn og hvernig bera eigi sig að við innskráningu í hann.

Flokkar

Í grunninum hefur búnaðinum verið skipt upp í 19 yfirflokkar sem hver hefur síðan 1 til 18 undirflokkar.

Í heildina eru þetta tæplega 90 flokkar og er þar að finna allt frá teppum upp í varðskip.

Ákveðið var að fara ekki út í að skrá ýmsan smábúnað s.s. karabínur, slökkvistúta og minni skyndihjálparbúnað þar sem ólíklegt er að leita þurfi sérstaklega að honum.

Einhver búnaður sem ekki er gert ráð fyrir í grunninum á örugglega heima þar og óskum við eftir því að tillögur um það séu sendar á netfangið bjargir@112.is

Áður en byrjað er að skrá inn búnað getur verið gott að setja x við alla þá flokka í listanum hér á eftir sem þið teljið að ykkar búnaður flokkist undir. Þannig er hægt að gera sér grein fyrir umfangi skráningaráinnar og minni hætta er á að einhverjir flokkar gleymist.

Þar sem hægt er að hengja ýmsa sérflokka við aðra t.d. reykköfunartæki eða klippur við dælubifreið er betra að byrja á að skrá þann búnað inn í sinn flokk áður en farið er í skráningu á dælubifreiðinni sjálfri. Það er því best að byrja á að skrá minnsta búnaðinn inn og enda á stóru tækjunum.

Börur

- Bakbretti
- Grjónadýna
- NATO börur
- Sjúkrabílastell
- Skedbörur
- Skeljar
- Skröpur

Dælur

Eiturefnabúnaður

Flugvélar

- Leitarflugvél
- Sjúkraflugvél
- Þyrla

Handtalstöðvar

Kafaratæki

Kerrur og Þotur

- Lokaðar kerrur
- Opnar kerrur

<input type="checkbox"/> Þotur fyrir búnað
<input type="checkbox"/> Þotur fyrir börur og búnað
<input type="checkbox"/> Klippur og klippibúnaður
<input type="checkbox"/> Ljósavél
<input type="checkbox"/> Óveðurs og rústbjörgunarbúnaður
<input type="checkbox"/> Annar rústabjörgunarbúnaður
<input type="checkbox"/> Hlustunartæki
<input type="checkbox"/> Rústabjörgunarkerra
<input type="checkbox"/> Rústamýndavél
<input type="checkbox"/> Óveðurskista
<input type="checkbox"/> Stoðir
<input type="checkbox"/> Sjúkrabúnaður
<input type="checkbox"/> Greiningarstöð
<input type="checkbox"/> Hjartastuðtæki
<input type="checkbox"/> Súrefnistæki í bílum og laus
<input type="checkbox"/> Teppi
<input type="checkbox"/> Trelleborg sjúkratjöld
<input type="checkbox"/> Önnur sjúkratjöld
<input type="checkbox"/> Skip og bátar
<input type="checkbox"/> Björgunarskip
<input type="checkbox"/> Hafnarbátur
<input type="checkbox"/> Harðbotnabátur
<input type="checkbox"/> Jet ski
<input type="checkbox"/> Sjókæjak
<input type="checkbox"/> Slöngubátur
<input type="checkbox"/> Straumvatnskæjak
<input type="checkbox"/> Svifnökkvar
<input type="checkbox"/> Varðskip
<input type="checkbox"/> Önnur skip
<input type="checkbox"/> Slökkviliðsbúnaður
<input type="checkbox"/> Haugsugur
<input type="checkbox"/> Hleðsla á lofti
<input type="checkbox"/> Reykblásari
<input type="checkbox"/> Reykköfunartæki
<input type="checkbox"/> Snjóflóðabúnaður
<input type="checkbox"/> Recco
<input type="checkbox"/> Skóflur

<input type="checkbox"/> Snjóflóðaýlar
<input type="checkbox"/> Snjóflóðastangir
<input type="checkbox"/> Sprungugálgi
<input type="checkbox"/> Stigar
<input type="checkbox"/> Vatnssugur
<input type="checkbox"/> Ökutæki
<input type="checkbox"/> Bifhjól
<input type="checkbox"/> Dælubifreið
<input type="checkbox"/> Fjórjhjól
<input type="checkbox"/> Fjölfaratæki
<input type="checkbox"/> Fólksbifreið
<input type="checkbox"/> Jeppi
<input type="checkbox"/> Kafarabifreið
<input type="checkbox"/> Klippubifreið
<input type="checkbox"/> Körfu/stigabifreið
<input type="checkbox"/> Lagnabifreið
<input type="checkbox"/> Lögreglubifreið
<input type="checkbox"/> Reiðhjól
<input type="checkbox"/> Sexhjól
<input type="checkbox"/> Sjúkrabifreið
<input type="checkbox"/> Snjóbifreið
<input type="checkbox"/> Stjórnstöðvarbifreið
<input type="checkbox"/> Tankbifreið
<input type="checkbox"/> Vélsleði
<input type="checkbox"/> Vörubifreið
<input type="checkbox"/> Þjónustubifreið

Flokkun flutningsgetu

Í sumum ökutækjaflokkunum er beðið um flokkun flutningsgetu undir tæknupplýsingunum. Þar þarf að haka við þann reit sem ökutækið fellur undir. Hér að neðan má sjá hvernig flokkunarkerfið er uppbyggt.

A flokkur: Sjúkrabifreiðar sem reknar eru af Rauða krossi Íslands og útbúnar sérataklega til sjúkraflutninga.

B flokkur: Björgunarsveitarbílar, útbúnir til sjúkraflutninga samkvæmt meðfylgjandi lista.

- Forgangsljós.
- Börur og festingar fyrir þær.
- Góð vinnuaðstaða til að sinna sjúklingi.
- Teppi.
- Bakbretti + púðar fyrir stuðning á hálsi.

- Spelkur. (sett fyrir alla útlimi)
- Hálskragar. (stillanlegir fyrir allar stærðir)
- AED hjartastuðtæki.
- Sáraumbúðataska.
- Blóðþrýstimælir með mismunandi stærðir af arm cuff.
- Hlustunarpípa.
- CO₂ skynjari. (æskilegt)
- Súrefnistæki með mismunandi gerðum maska og gleraugna.
- Sog. (handsog)

C flokkur: Björgunarsveitarbílar eða aðrir sem hægt er að flytja börur í en hafa lágmarksbúnað til að sinna sjúklingi. (sjá lista)


- Börur og festingar
- Teppi
- Sáraumbúðataska

D flokkur: Björgunarsveitarbílar og aðrir bílar sem hægt er að nota til flutninga á sitjandi sjúklingum.

Farið var út í það að flokka bifreiðar viðbragðsaðila eftir þessu kerfi til þess að fá betri yfirsýn yfir notagildi bifreiðanna til sjúkraflutninga og til að hægt væri að átta sig á stöðu þeirra mála í hverju héraði.

Bjargir skráðar í grunninn

Þegar grunnurinn er opnaður birtist innskráningargluggi þar sem skrá þarf inn notandanafn og lykilorð.



Þegar búið er að opna inn í grunninn birtist skjámynd með upplýsingum um viðkomandi viðbragðsaðila. Smellið á flipa sem merktur er **BJARGIR** á valstikunni.

Byrjað er á því að velja viðeigandi yfirflokk t.d. ef ætlunin er að skrá inn hjartastuðtæki er farið í SJÚKRABÚNAÐ og smelt þar á.

The screenshot shows the 'Bjargir' section of the website. At the top, there are two images: one of a control panel with the 'II2' logo and another of several crew members in red and blue gear. Below the images is a navigation bar with tabs: 'Alþjóðasveit', 'Vettvangseiningar', 'Einstaklingar', 'Bjargir' (which is highlighted in yellow), and 'Stillingar'. A dropdown menu labeled 'Alþjóðasveit' is open, showing a list of categories under 'Tegund':

- Greiningarstöð (0)
- Hjartastuðtæki (2)
- Surefnisteki, í bilum og laus (0)
- Teppi (0)
- Trelleborg sjúkratjöld (0)
- Onnur sjúkratjöld (0)

A red arrow points from the left margin towards the 'Tegund' dropdown menu.


Þá opnast skjámynd með þeim flokkum sem falla undir sjúkrabúnað þar sem viðeigandi búnaður er valin. Í þessu tilviki er valið HJARTASTUÐTÆKI og smelt þar á.

The screenshot shows the 'Bjargir | Sjúkrabúnaður |' page. At the top, there are two images: one of a control panel with the 'II2' logo and another of several crew members in red and blue gear. Below the images is a navigation bar with tabs: 'Alþjóðasveit', 'Vettvangseiningar', 'Einstaklingar', 'Bjargir' (which is highlighted in yellow), and 'Stillingar'. A dropdown menu labeled 'Alþjóðasveit' is open, showing a list of categories under 'Tegund':

- Greiningarstöð (0)
- Hjartastuðtæki (2)
- Surefnisteki, í bilum og laus (0)
- Teppi (0)
- Trelleborg sjúkratjöld (0)
- Onnur sjúkratjöld (0)

A red arrow points from the left margin towards the 'Hjartastuðtæki' category in the dropdown menu.

Þegar hjartastuðtæki hefur verið valið í listanum opnast þessi skjámynd þar sem hægt er að sjá þau hjarastuðtæki sem þið hafið þegar skráð í grunninn. Veljið **BÆTA VIÐ** á valstikunni ofan við listann.



Skráið inn upplýsingar um tækið í viðeigandi reiti og athugið að mikilvægt er að fyllt sé í alla reiti sem bedið er um. Þegar skráningu er lokið er smellt á **VISTA** hnappinn til að festa upplýsingarnar inni í grunninn.

The screenshot shows a web-based application for adding a new rescue team. The header is identical to the previous screenshot, displaying "II2 bjargir" and navigation links. The main content area is titled "Bjargir | Sjúkrabúnaður | Hjartastuðtæki | Nýtt tæki". The form fields include: "Auðkenni" (with an input field), "Virkur" (with a checked checkbox), "Staðsetning" (with an input field), "Eigandi (símanúmer)" (with an input field), "Tegund" (with an input field), "Súrefnistæki meðfylgjandi" (with a dropdown menu showing "Ekkert"), "Viðbragðstími" (with a dropdown menu showing "0-5 mínútur"), and "Annað" (with a large text area). At the bottom left of the form, there are two buttons: "Vista" (highlighted in blue) and "Eyða". A red arrow points to the "Vista" button.

Annað dæmi: Jeppi


Byrjað er á því að velja Ökutæki og smellið þar á.

A screenshot of a web-based search interface. At the top, there is a navigation bar with tabs: 'Akranes', 'Vettvangseiningar', 'Einstaklingar', 'Bjargir' (which is highlighted in yellow), and 'Stillingar'. Below the navigation bar, the word 'Bjargir' is typed into a search input field. The main content area is titled 'Tegund' and lists various categories with their counts. A red arrow points from the text above to the 'Bjargir' tab in the navigation bar. The categories listed are: Börur (21), Dælur (0), Eiturrefnabúnaður (0), Flugvélar (24), Handtalstóðvar (0), Kafaratæki (0), Kerrur og potur (12), Klíppur og klíppibúnaður (0), Ljósavél (0), Óveðursbúnaður (0), Rústabilþorgunarþaður (26), Sjúkrabúnaður (29), Skip og bátar (35), Slökkvilðsbúnaður (32), Snjóflöðabúnaður (9), Sprunnguði (0), Stigar, Vatnssugur (0), and Ökutæki (140). At the bottom of the page, there is a footer with the text: 'Neyðarlínan hf. Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík, kt. 511095-2559, sími: 570 2000, 112@112.is'.

Veljið næst Jeppi og smellið þar á

A screenshot of a web-based search interface. At the top, there is a navigation bar with tabs: 'Akranes', 'Vettvangseiningar', 'Einstaklingar', 'Bjargir' (highlighted in yellow), and 'Stillingar'. Below the navigation bar, the search query 'Bjargir | Ökutæki' is displayed. The main content area is titled 'Tegund' and lists various categories with their counts. A red arrow points from the text above to the search query. The categories listed are: Bífhjól (3), Daðubifreið (31), Fjórhhjól (3), Fjölfötæki (2), Fólkfötædi (5), Jeppi (16), Kafarabifreið (14), Klíppi [skoda bjorg náan], Körflu-/Stigabifreið (4), Lagnabifreið (3), Lögreglubifreið (5), Reiðhjól (5), Sexhjól (2), Sjúkrabifreið (5), Snjóbifreið (4), Stjórnstóðarbifreið (2), Tankbifreið (5), Vélsleði (4), Vörubifreið (3), and Újónustubifreið (4).

Þegar **Jeppi** hefur verið valið í listanum opnast þessi skjámynd þar sem hægt er að sjá þá jeppa sem þið hafið þegar skráð í grunninn. Veljið **BÆTA VIÐ** á valstikunni ofan við listann.



Skráið inn upplýsingar um tækið í viðeigandi reiti og athugið að mikilvægt er að fyllt sé í alla reiti sem beðið er um. Athugið að skrá þarf **tækni og búnaðarupplýsingar** líka.

A screenshot of a web browser showing a form titled "Bjargir | Ökutæki | Jeppi | Nýtt tæki". The form contains various input fields: "Kallmerki", "Virkur" (checkbox), "Ferilvöktun" (checkbox), "Staðsetning", "Eigandi (símanúmer)", "Tegund", "Árgerð", "Fastnúmer", "Sími", "Viðbragðstími" (dropdown menu showing "0-5 minútur"), "Mynd, hámark 100 KB" (file upload field with "Browse..." button), and two expandable sections: "Tækni upplýsingar" and "Búnaður". A red arrow points from the bottom left towards the "Tækni upplýsingar" section. The status bar at the bottom right shows "Done", "Internet", "100%", and a zoom level of "100%".

Nauðsynlegt er að fyllt sé í alla reiti sem við á til þess að grunnurinn nýtist sem best.
Um **flokkun flutningsgetu** má lesa annarsstaðar í þessum bækling.

112Bjargir

Mynningarmerk工具

Browse...

Tæknipplýsingar

Drifgeta (dekkjastærð)

Flutningsgetu börur

Flokkun flutningsgetu

A
 B
 C
 D

Sætafjöldi

Lengd

Breidd

Hæð

Þyngd (í kg.)

Vélarstærð (í rúmsentimetrum)

Aðrar tæknipplýsingar

Búnaður

Annað

Done

Internet 100%

112Bjargir

Búnaður

Fjarskiptabúnaður

VHF
 UHF
 HF
 Tetra
 GSM
 NMT
 CDMA 450
 VHF DF
 MF DF
 Fleet
 Inmarsat
 Iridium
 Global star
 Fax
 Internet

Siglingatæki

GPS
 STK
 AIS
 Satellite
 GPS kompás
 Dýptarmælir
 Tólvu með siglingarforriti
 Ratsjá
 Miðunarstöð

Sjúkrabúnaður

Hjartastuðtæki
 Súrefnistæki

Internet 100%

Til að geta vistað búnað inn í grunninum eru nokkrar grunnupplýsingar sem verður að setja inn t.d. staðsetning, eigandi og símanúmer.

Skráning einstaklinga

Til þess að bæta einstaklingum inn í grunninn er farið eins að og með búnaðinn nema að valinn er flipinn Einstaklingar sem er vinstra megin við flipann Bjargir.

Athugið að björgunarsveitar geta ekki breytt sínum einstaklingum þar sem sú vinna fer í gegnum skrifstofu Slysavarnafélagsins Landsbjargar S: 570-5900

Lokaorð

Að innskráningu í grunninn koma u.p.b. tvö hundruð einstaklingar frá jafnmögum viðbragðseiningum. Það er mjög mikilvægt að til þess að grunnurinn verði sem réttastur og áreiðanlegastur að vandað sé til innskráningar í hann og að allar upplýsingar sem til eru um búnaðinn komi fram.

Starfsmenn þeirra aðila sem standa að grunninum munu leggja sig fram um að leysa þau atriði sem upp koma í sambandi við grunninn hratt og örugglega með hliðsjón af þeim athugasemdum sem berast.

Ef einhverjar spurningar vakna eða þú ert með einhverja ábendingu til okkar í tengslum við grunninn er hægt að senda email á netfangið bjargir@112.is

Með von um gott og árangursríkt samstarf